

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um kaup á ráðgjöf frá Gartner group.

Á fundi borgarráðs þann 15. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 26. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Skrifstofa þjónustu og reksturs, hefur verið áskrifandi að erlendra ráðgjöf Gartner Group á Írlandi í heilan áratug. Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita nákvæmlega hvað felst í þeim áskriftarsamning sem Þjónustu- og nýsköpunarsvið er nú enn og aftur að endurnýja við Gartner á Írlandi. Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvaða ávinning hafa borgarbúar notið af allri þessari erlendu ráðgjöf sviðsins og hverju hún hefur skilað í formi lausna eða annarra afurða sem ekki hefðu orðið til án ráðgjafar frá Gartner. Að lokum spyr fulltrúi Flokks fólksins, í ljósi aðhaldsaðgerða meirihlutans sem einna helst bitna á börnum og unglingum, af hverju er ekki tekin ákvörðun um að Þjónustu- og nýsköpunarsvið láti af þessum gengdarlausu ráðgjafarkaupum frá Gartner Group á Írlandi?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar stafræns ráðs Reykjavíkurborgar sem vísaði því áfram til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. janúar 2023.

Svar:

Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita nákvæmlega hvað felst í þeim áskriftarsamning sem Þjónustu- og nýsköpunarsvið er nú enn og aftur að endurnýja við Gartner á Írlandi.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur ekki endurnýjað samning sinn við Gartner á Írlandi.

Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvaða ávinning hafa borgarbúar notið af allri þessari erlendu ráðgjöf sviðsins og hverju hún hefur skilað í formi lausna eða annarra afurða sem ekki hefðu orðið til án ráðgjafar frá Gartner.

Ráðgjöf var keypt til uppbyggingar á upplýsingatækniinnviðum borgarinnar. Borgarbúar hafa þar af leiðandi ekki notið beins ávinnings af ráðgjöf Gartner til þjónustu- og nýsköpunarsviðs né heldur hefur ráðgjöfin skilað af sér lausnum eða öðrum afurðum með beinum hætti. Enda var það ekki markmið samningsins.



Að lokum spyr fulltrúi Flokks fólksins, í ljósi aðhaldsaðgerða meirihlutans sem einna helst bitna á börnum og unglíngum, af hverju er ekki tekin ákvörðun um að Þjónustu- og nýsköpunarsvið láti af þessum gengdarlausu ráðgjafarkaupum frá Gartner Group á Írlandi?

Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur tekið ákvörðun um að endurnýja ekki samning sinn við Gartner group á Írlandi. Eins og staðan er nú í upphafi árs 2023 er það metið þannig að ekki sé þörf fyrir þessa ráðgjöf að sinni. Það kann þó að vera að slík þörf komi upp síðar og þá verður metið, eins og gert er árlega, hvort falast verði eftir slíkum samningi við Gartner Group eða aðra.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra